

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1172*  
*komudagur 27.2.2012*



Nefndarsvið Alþingis

b.t. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari

Álftranesi 23. febrúar 2012.

**Efni: Umsögn um tillögu um þingsályktun um faglega úttekt á réttargeðdeildinni að Sogni í Ölfusi.**

Fyrir hönd Félagsmálanefndar Álftraness hafa undirritaðar lesið yfir ofangreinda þingsályktun. Það er mat undirritaðra að mikilvægt sé að flutningur réttargeðdeildarinnar sé gerður á faglegum forsendum en ekki fjárhagslegum eingöngu. Ljóst er að sá hópur sem dvalið hefur þar þarf á mikilli og sértækri þjónustu að halda. Ekki er ljóst hvernig öryggi þeirra og annarra sjúklinga á Kleppi verður tryggt við flutninginn. Ennfremur er mikilvægt að fleiri fagaðilar komi að ofangreindri úttekt líkt og félagsráðgjafar, iðjuþjálfar og sálfræðingar svo að úttektin sé gerð á sem faglegastan hátt.

Að öðru leyti vilja undirritaðar ítreka þá skoðun að mikilvægt sé að úttekin verði gerð áður en flutningur stofnunarinnar fari fram

Virðingarfyllt

f.h. Félagsmálanefndar Álftraness

*Hjördís J Gísladóttir*

Hjördís Jóna Gísladóttir

Formaður

*Guðrún Hrefna Sverrisdóttir*

Guðrún Hrefna Sverrisdóttir

Yfirfélagsráðgjafi